

Nd.

425. Nefndarálit

um frv. til laga um Byggingar- og landnámssjóð.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta hefir, svo sem kunnugt er, fengið allrækilegan undirbúning á undanfarandi þingum, í millipinganefnd og hjá hæstv. landsstjórn. Auk þess hefir nú hv. efri deild afgreitt frv. og sent það neðri deild, án þess að hafa gert á því neinar verulegar breytingar. Nefndin telur, að undirbúningur máls þessa hafi verið svo mikill, að vafasamt megi telja, hvort breytingar á frv. þessu, að því óreyndu, sjeu til bóta.

Hinsvegar er nefndinni það ljóst, að í flestum þýðingarmiklum lögum og lagafyrirmælum orkar ætíð nokkuð tvímælis, hvað þar eigi að standa eða ekki, og svo var það einnig um frv. þetta, þegar það kom til álits og umræðu í nefndinni. En við nánari athugun, og þá sjerstaklega með það fyrir augum, að starfstími þingsins stýttist nú óðum, og gætu því breytingar á frv. nú hæglega orðið þess valdandi, að þetta mjög svo mikils varðandi málefni næði ekki fram að ganga á þessu þingi.

Nefndin vill því forðast að gefa tilefni til þessa með breytingum á frv. og ræður háttv. deild til að samþykkja það óbreytt eins og háttv. efri deild gekk frá því.

Alþingi, 7. mars 1928.

Lárus Helgason,
form.

Jón Ólafsson,
fundaskr. og frsm.

Jörundur Brynjólfsson.

Einar Jónsson.

Bernh. Stefánsson.